



## Undirbúningur útboðs vegna sérleyfisaksturs.

Vegagerðin og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hafa á undanförunum misserum unnið að undirbúningi endurskipulagningar almenningssamgangna innanlands.

Fyrirkomulag á þjónustu með sérleyfisakstri er þar til sérstakrar skoðunar. Stefnt er að því að tryggja lágmarksþjónustu innan og á milli stærstu byggðakjarna svæða eins og þau eru kynnt í stefnu ríkisstjórnarinnar í sóknaráætlun 20/20. Jafnframt verður leitast við að fella framboð að eftirspurn til að tryggja hagkvæmni í þjónustu og sem besta nýtingu fjármuna hins opinbera.

Áður en endanleg ákvörðun verður tekin um leiðir, þjónustu, skipulag og aðkomu hins opinbera að þessum rekstri þarf að gæta að samkeppnis- og ríkisstyrkjareglum á EES-svæðinu. Því er hér með kallað eftir upplýsingum um áform þeirra aðila sem veita eða hyggjast veita þjónustu á þessu sviði á grundvelli almennra samkeppnissjónarmiða, án aðkomu hins opinbera.

Kallað er eftir upplýsingum um áform þeirra rekstraraðila sem tilbúnir eru til að veita þjónustu á sviði reglubundinna fólksflutninga á þeim áætlanaleiðum sem bundnar eru sérleyfum og einkaleyfum skv. lögum nr. 73/2001 um fólks- og farmflutninga á landi, eða á öðrum áætlanaleiðum á landinu, **án ríkisstyrkja**. Gildandi samningar um sérleyfi til reglubundinna fólksflutninga renna að jafnaði út frá og með 1. janúar 2011 og skal gera ráð fyrir því að akstur hefjist eigi síðar en frá þeim tíma.

Koma þarf fram um hvaða leiðir er að ræða, tímabil, tíðni og framboð þjónustu. Einnig er óskað eftir upplýsingum um leiðir sem viðkomandi rekstraraðili er tilbúinn að þjónusta með einhverjum takmörkunum eða skilyrðum, t.d. sérleyfi á viðkomandi leið eða öðrum skilyrðum til aksturs sem máli skipta.

Á grundvelli upplýsinga sem hér er kallað eftir verða teknar ákvarðanir um hvort, með hvaða skilyrðum og á hvaða leiðum úthlutað verði sérleyfum og einkaleyfum til reglubundinna fólksflutninga þegar núgildandi leyfi renna út. Jafnframt verða teknar ákvarðanir um hvort og á hvaða leiðum verði ríkisstyrkt þjónusta og um gerð þjónustusamninga vegna hennar.

Nánari upplýsingar um hvaða leiðir eru háðar sérleyfi og einkaleyfi skv. lögum nr. 73/2001 er að finna á heimasíður Vegagerðarinnar:

<http://www.vegagerdin.is/umsoknir-og-leyfi/leyfi-i-gildi>.

Sérleyfi til fólksflutninga fylgja að jafnaði ýmis skilyrði og kvaðir um lágmarksþjónustu, s.s. um tíðni ferða, bifreiðakost og hámarksgjaldskrá, og vísast um það nánar til 12. gr. reglugerðar um fólksflutninga á landi nr. 528/2002.

**Upplýsingum skal skilað til Hagdeildar Vegagerðarinnar Borgartúni 5-7 eða á netfangið: [hagdeild@vegagerdin.is](mailto:hagdeild@vegagerdin.is) eigi síðar en 8. júní nk.**